

Þjóðgildin Heiðarleiki og traust

Fjalar Freyr Einarsson
Gleráarkirkju 21. febrúar 2011

Heiðarleiki

- Ef þú segir alltaf satt, þarftu ekki að muna neitt. (Mark Twain)
- Heiðarlegur – falslaus – ráðvandur – ósvikull
- Job var ráðvandur

Heiðarleiki

- Orðskviðir Salómons... til þess að menn hljóti viturlega leiðsögn, réttisýni, sanngirni og heiðarleika (Orðskviðirnir 1:1,3)
- Sá sem tælir heiðarlega menn á glapstigu fellur sjálfur í gröf sína en ráðvöndum mun vel farnast (Orðskviðirnir 28:10)

Heiðarleiki

- Því að andstyggð er sá Drottni sem afvega fer en ráðvandir menn eru alúðarvinir hans. (Orðskviðirnir 3:32)
- Réttlæti hins ráðvanda gerir veg hans sléttan en hinn rangláti hrasar um eigin illsku. (Orðskviðirnir 11:5)
- Betri er fátækur maður og ráðvandur en sá sem er flár í orðum og heimskur. (Orðskviðirnir 19:1)

Heiðarleiki

- Betri er fátækur maður og ráðvandur en ríkur maður og undirförull.
(Orðskviðirnir 28:6)
- Erfiðara er að ávinna svikinn bróður en að vinna rammbyggða borg
(Orðskviðirnir 18:19)

Heiðarleiki

- Því að Drottinn er réttlátur, hann elskar rétta breytni, hinn ráðvandi fær að sjá auglit hans. (Sálmarnir 11:7)

Heiðarleiki - Job

- Job er persóna í Gamla testamentinu, og við hann er Jobsbók kennd. Job er í bókarupphafi hamingjusamur maður, en Guð reynir hann vegna ýtni Satans og leyfir hinum illa að fá vald yfir hinum ráðvanda Job til að sanna trúfestu hans við sig. Í bláupphafi Jobsbókar segir svo:

Heiðarleiki - Job

- Satan svaraði Drottni og sagði: "Ég hefi verið að reika um jörðina og arka fram og aftur um hana." Og Drottinn mælti til Satans: "Veittir þú athygli þjóni mínum Job? Því að enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar." Og Satan svaraði Drottni og sagði: "Ætli Job óttist Guð fyrir ekki neitt? Hefir þú ekki lagt skjólgarð um hann og hús hans og allt, sem hann á, hringinn í kring? Handaverk hans hefir þú blessað, og fénaður hans breiðir sig um landið. En rétt þú út hönd þína og snert þú allt, sem hann á, og mun hann þá formæla þér upp í opið geðið." Þá mælti Drottinn til Satans: "Sjá, veri allt, sem hann á, á þínu valdi, en á sjálfan hann mátt þú ekki leggja hönd þína." Gekk Satan þá burt frá augliti Drottins.

Heiðarleiki - Job

- Satan lætur síðan allt mögulegt yfir Job ganga, en aldrei átelur Job guð sinn eða gefur upp á bátinn. Loks, eftir nokkuð marga harma, snýr guð við högum hans og eftir það lifir Job glaður á ný í *hundrað og fjörutíu ár og sá börn sín og barnabörn, fjóra ættliði. Og [hann] dó gamall og saddur lífdaga.*

Traust

- Vel farnast þeim sem vel rækir erindi sitt og sæll er sá sem treystir Drottni. (Orðskviðirnir 16:20)
- Ágjarn maður vekur deilur en þeim sem treystir Drottni farnast vel. (Orðskviðirnir 28:25)
- Treystið Drottni um aldur og ævi því að Drottinn er eilíft bjarg. (Jesaja 26:4)

Traust

- Traust kemur af heiðarleika
- Óheiðarleiki skapar vantraust
- Hvít lygi